

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka til kaupsins og sveita.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, er fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem húa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrbjöllu, hringja í síma, eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur og annað heimilisfólk, eða veldur því ótta.

5. gr.

Á förnum götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina. Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum, eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða handvagna, eða annað sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

Hið sama gildir um flugvélar og skip eftir því sem við á.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni, skot-

eldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum stöðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda ef sérstaklega stendur á, enda séu leyfin bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra bál eða ganga með blys.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri, má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni, má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli, eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almenningi reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum öðrum, sem sökum öläðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði, er þeir kunna að hafa valdið með öläði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur Hafnarkauptúns eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfninni, að hneyksli valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns, má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húsríðum, húspökum, garðshliðum, tröðum, eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri, til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til. Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum eldri en 8 ára heimilt að selja blöð.

15. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Hafnarkauptúns, eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða. Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp.

Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt þar, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Hafnarkauptúns eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnarvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slíkt verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar ræsi á vegum, steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

20. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

21. gr.

Hvarvetna þar sem girðingarhlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

Jarðeiganda er skylt að fjarlægja gamlar girðingar, hvort sem þær eru um tún eyðibýla eða úthaga.

22. gr.

Þegar ís leggur á vötnum eða vogum, má enginn fara út á ísinn, fyrr en hann er orðinn vel heldur. Þyki lögreglustjóra ísinn eigi nógu traustur, skal hann banna alla umferð um hann.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

23. gr.

Vegfarendum er skylt að sýna fyllstu nærgætni gagnvart öðrum vegfarendum, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörumarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða riðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal vikja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum, eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar, eða björg-unarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækis er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

24. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skruðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

25. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar, eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur og á vorin meðan klaka leysir úr jörðu.

26. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt þafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið, að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

27. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisútbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja séu ávallt í fullkomnu lagi.

28. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar, þar til hinar komast fram hjá henni.

29. gr.

Óheimilt er bifreiðastjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlægi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

30. gr.

Ef bifreiðastjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða, þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

31. gr.

Þegar ökutæki mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðastjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal

bifreiðastjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo að bifreiðin geti komizt fram hjá.

Sé eigi hægt að víkja fjárrekstri út af vegi, vegna skurða eða girðinga meðfram veginum, skal bifreiðastjóri biða, unz fénu er komið á þann stað, sem hægt er að víkja því af veginum.

32. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

33. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hveltt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdýr, horn eða gatnamót. Glitauga skal ávallt hafa aftan á reiðhjólum.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

34. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Austur-Skaftafellssýslu eins og þau kunna að verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annarra gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum túnnum, ökrum og matjurtagörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefur valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna, nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum. Skaðabætur skal því aðeins greiða, að landsvæði það sem fyrir skemmdum varð hafi ekki verið verr varið en venja er í slíkum tilfellum að dómi úttektarmanna.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eigu eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum, ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi þeim ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

V. KAFLI

Um friðun almenningsigna o. fl.

35. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningsignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem er ætlað til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

36. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

37. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, tünnum, engjum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleyppa af skotvopni í annars manns landi án leyfis.

38. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska og annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagbeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

39. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifsi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

VI. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

40. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

41. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinna eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VII. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

42. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gistingustaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistinguhúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

43. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

44. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

45. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samseti einstakra tiltekinna manna.

46. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

47. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokið. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 45. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæzlu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæzlu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé samkvæmt lögreglumannalögum.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum sem hafa gerzt brotlegir aðgang að samkomum.

48. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustöðum. Þeim er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbakshúðum eftir kl. 22, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Öll afgreiðsla um söluop til barna eftir að úti-vistartíma þeirra er lokið er óheimil. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki aðgang, né hafist þar við, fram yfir það, sem leyfilegt er.

Sala tóbaks til barna og unglunga innan 14 ára aldurs er bönnuð.

49. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefur á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

50. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertif, sem hreppsnefndin til tekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

51. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VIII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

52. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

53. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum. Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af.

54. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn og skepnur.

55. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvilíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

56. gr.

Skepnur má aðeins slátra í húsum inni og þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki til og sé sláturstaður hreinsaður að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði.

57. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundur nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annaðhvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan meter í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innyfli húfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

58. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til Hafnarkauptúns.

X. KAFLI

Sérakvarðanir um umferðina innan kauptúnsins.

59. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til hægri. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá biða, sem er til hægri handar.

60. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírusrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvella þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, víðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

61. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma, eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

62. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

63. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt að kjallaraopið sé byrgt með hlemmum eða hlera, frá því dimmir á kvöldin, þar til birtir að morgni. Í kringum birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járn eða öðrum málum, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lægri en 60 cm.

64. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárninu laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum geta valdið, ef fýkur.

65. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd, og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað unráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

66. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XI. KAFLI

Um umferð á götum Hafnarkauptúns.

67. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komizt verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 35 km á klukkustund. Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir eða byggingar.

68. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki, skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar en í lögum boga ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömu leiðis er bannað stöðva ökutæki á gatnamótum, eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því, sem við á.

69. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Hafnarkauptúns og ekki ríða hraðar en töltferð.

Hestar, sem staddir eru í kaupþúninu skulu ávallt hýstir um nætur.

Ferðamenn, sem viðdvöl hafa í kaupþúninu, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á túnlóðum einstakra manna.

Hesta má aldrei binda úti við í kaupþúninu, né láta þá standa í réttum í köldu veðri eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó gott veður sé. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveislu á kostnað umráðamanna.

XII. KAFLI

Um skepnuhald o. fl. í Hafnarkauptúni.

70. gr.

Hænsni eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

71. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé eða annar búpeningur geri engan óskunda eða skaða í Hafnarkauptúni. Þegar um tjón á túnnum, matjurtagörðum, skruðgörðum eða öðrum afgirtum landssvæðum er að ræða, kemur þessi ábyrgð því aðeins til greina, að búpeningurinn smjúgi eða stökkvi yfir fullgildar girðingar. Ef ágreiningur rís um það hvort girðing sé fullgild, skulu úttektarmenn hreppsins meta það.

Úttektarmenn skulu einnig meta uslagjöld af völdum ágangsbúpenings, ef ágreiningur verður þar um. Má selja búpeninginn á opinberu upphóði til lúknningar uslagjöldum og kostnaði öllum, ef greiðsla fæst ekki á annan hátt.

72. gr.

Enginn má láta hesta sína, sauðfé eða nautpening ganga lausan um götur kaup-
túnsins.

Ber lögreglunni að handsama slíkan fénað og ráðstafa á kostnað eigenda.

73. gr.

Ekki mega hundar ganga lausir á götum kaup-
túnsins. Flækingshunda og hunda,
sem ekki eru í fylgd með eiganda eða unráðamanni, skulu lögreglumenn handsama
og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eru réttdrápir.

74. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

75. gr.

Skytt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeitt í landi kaup-
túnsins, bæði hvernig hagbeitt skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöld-
um er lögtaksréttur.

76. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kaup-
túnsins til útflutnings
eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja til
að afstýra faratálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIII. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í Hafnarkauptúni.

77. gr.

Enginn má byggja á landi kaup-
túnsins neins konar hús, hvorki til íbúðar, at-
vinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðar-
hafi sjálfur vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingar-
nefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreit, girðingar eða önnur
mannvirki.

Mannvirki við hafnirnar má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og
með leyfi hreppsnefndar.

XIV. KAFLI

Um eftirlit með börnum í Hafnarkauptúni.

78. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um að tilhlýðilegt
eftirlit sé haft með börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn 13 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 21 á tímabilinu
frá 1. október til 1. maí og ekki seinna en kl. 23 frá 1. maí til 30. september, nema
þau séu í fylgd með fullorðnum.

Unglingar yngri en 16 ára, mega ekki vera úti eftir kl. 22 á tímabilinu frá 1.
október til 1. maí, eða á meðan skóli starfar. Á laugardögum til kl. 23.30.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi,
að vera á bryggjum kaup-
túnsins.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari
reglur um útvist barna allt til 16 ára.

Lögreglustjóri getur í sérstökum tilfellum veitt undanþágur frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

XV. KAFLI

Um almennt hreinlæti í Hafnarkauptúni og þéttbýli innan sýslunnar.

79. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúninu, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefndin ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

80. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

81. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

82. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er af eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

83. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Almenn ákvæði.

XVI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

84. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Austur-Skaftafellssýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um Hafnarkauptún og þéttbýli innan lögsagnarumdæmisins.

85. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVII. KAFLI

Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

86. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

87. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Nú hefur maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

88. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkv. samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnaður við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

89. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefur verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnar umdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

90. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. marz 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson